

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpstöð Hornafjarðar Urðunarstaður á Mel í landi Fjarðar



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	1.8.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpstöð Hornafjarðar	<b>Eftirlitsmaður</b>	Helga Hreinsdóttir
<b>Heimili</b>	Hafnarbraut 27	<b>Tegund eftirlits</b>	Framselt eftirlit
<b>Kennitala</b>	590169-4639	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Birgir Óskarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Bryndís Bjarnadóttir	<b>Staðsetning</b>	692965,529 428910,162

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sjö frávik voru staðfest varðandi daglega umgengni og verklag á urðunarstað, þ.e. að þekja betur úrgang sem berst inn á svæðið, forðast langtímageymslu á efni/hlutum á svæðinu, koma í veg fyrir fok lausra efna um svæðið og út af því og um að hafna urðun á endurnýtanlegum úrgangi. Einnig frávik vegna skorts á upplýsingasöfnun og upplýsingagjöf varðandi reksturs staðarins.

Tvær athugasemdir eru gerðar varðandi þjónustu við hreinsivirki og vegna umhverfismarkmiða fyrir urðunarstaðinn.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit fór fram í tvennu lagi. Annars vegar var urðunarstaðurinn skoðaður þann 31.7. í fylgd með starfsmönnum áhaldahúss Hornafjarðar, Birgi Árnasyni og Guðjóni Óskari Bjarnasyni. Þann dag voru einnig tekin sýni skv. ákvæðum starfsleyfis. Hins vegar var urðunarstaðurinn skoðaður þann 1.8. í fylgd bæjarstjóra, Björns Inga Jónssonar, Bryndís Bjarnason, upplýsinga- og umhverfisfulltrúa sveitarfélagsins og Lovísu Rósu Bjarnadóttur, fulltrúa verktaka. Í lok beggja skoðunarferða var farið yfir ákvæði starfsleyfis og seinustu eftirlitsskýrslu með þeim fulltrúum sveitarfélagsins sem tóku þátt í skoðunarferð dagsins.

Á vettvangi kom fram að:

- Girðing um svæðið var í góðu ásigkomulagi og í henni var ekki fokefni
- Lítilsháttar sást af fokefni í múum og á eyrum Fjarðarar utan girðingar urðunarstaðarins
- Úrgangsefni og fokefni hefur safnast í gras sem búið er að sá í þar sem urðunarstaðurinn er kominn í rétta hæð.
- Fokefni og laus úrgangsefni voru ofan á urðunarstaðnum og höfðu safnast fyrir í skorningum og þar sem skjól er.
- Vindasamt er á urðunarsvæðinu og aðeins ein rein í notkun, sem liggur í austur-vestur, sem eru einnig megin vindáttir. Því getur verið erfitt að hemja fokefni þegar laust rusl er losað.
- Mikið var af lausu efni í og við urðunarrein. Þótt jarðvegur sé lagður yfir úrgang sem borist hefur á svæðið í lok dags er þekjan ófullnægjandi og greinilegt að mikið fýkur úr stálinu.
- Net, veiðarfæri og net frá kvíaelði voru á yfirborði haugsvæðis og hafa sum verið lengi.
- Flokkun úrgangs er ófullnægjandi, farmar hafa ekki verið skoðaðir eða þeim hafnað. Þannig var illa flokkuðum byggingarúrgangi fargað meðan á skoðunarferð stóð og í gryfju fyrir lífrænan úrgang var mikið af plastefni.
- Í gryfju fyrir lífrænan úrgang hafði kurlað ómeðhöndlað timbur verið sett sem yfirlag yfir úrganginn seinni eftirlitsdaginn. Þetta dregur mjög úr lyktarmengun frá gryfjunni.

Við aðkomu var siturbeð aftan við hreinsivirki stíflað. Með því að opna fyrir bakrennsli skolaðist mikið af leirlitu efni úr lögnunum og pollar á siturbeðinu minnkuðu. Ath. að siturbeðið var einnig stíflað í reglubundnu eftirliti ársins 2016.

Ekki var mikið um vargflug á svæðinu í skoðunarferðunum, en þegar ekið var um svæðið að kvöldi til sáust allmargir hrafnar.

Í gryfju við innkomu á urðunarsvæðið er tekinn jarðvegur til að leggja yfir úrgang í urðunarreinum. Við skoðun kom í ljós að vestast í gryfjunni var komið í lífrænan úrgang sem

urðaður hafði verið á svæðinu fyrir allmörgum árum í mjög grunnum gryfjum. Leiðbeint var um að flytja slíkan úrgang í urðunargryfju fyrir lífrænan úrgang, enda ekki mikið magn og auðvelt að meðhöndla.

Á fundum var farið yfir eftirlitsskýrslu ársins 2016 og ákvæði starfsleyfis.

Engar kvartanir hafa borist til eftirlitsaðila vegna reksturs urðunarstaðarins frá seinustu eftirlitsferð.

Í eftirlitsskýrslu ársins 2016 voru tvö frávik frá starfsleyfi staðfest, þ.e. annars vegar um að endurvinnanlegu efni beri að hafna til urðunar, þ.e. málmum, endurvinnanlegur timbri o.þ.h. og hins vegar um að byrgja beri daglega með þekjuefni eða nótum allan úrgang sem lagður er í urðunarreinar til að hindra fok. Ekki hefur orðið breyting á hvað þessi atriði varðar. Því er hér um ítrekuð frávik frá starfsleyfi að ræða.

Í eftirlitsskýrslu ársins 2016 voru gerðar þrjár athugasemdir:

-Ábending um að fjarlægja ónothæfar vinnuvélar, timbur og annað sem virtist vera í geymslu á svæðinu. Vinnuvélar hafa verið fjarlægðar og minna var um timbur, en netahaugar voru allmargir á svæðinu. Þess vegna þarf aftur að gera aths. við þetta atriði.

-Að hreinsa skuli fokefni úr girðingum og skorningum og yfirfara girðingar. Girðingar hafa verið endurnýjaðar og eru í góðu lagi, fokefni er ekki í þeim. Hins vegar er mikið af fokefni á haugnum sjálfum, í skurðum og skorningum og í skjóli við net og grófan úrgang sem geymdur er á svæðinu. Þar sem ekki hefur verið tekið nægilega tillit til athugasemdar um fokefni er lítið svo á að um sé að ræða frávik frá starfsleyfi.

Ekki hefur enn orðið af böggun úrgangsins, sbr. áform sem kynnt voru í seinasta formlegu eftirliti.

Við skoðun á starfsleyfi kom í ljós að neyðaráætlun fyrir urðunarstaðinn þarf að uppfæra þar sem mannbreytingar eru framundan hjá áhaldahúsi sveitarfélagsins. (gr. 1.4)

Hvatt er til að kallað verði til samráðsfundar skv. gr. 1.10 í starfsleyfinu enda var það ekki gert á árinu 2016.

Vísað hefur verið til umhverfismarkmiða í aðalskipulagi sveitarfélagsins, en sérstök umhverfismarkmið fyrir urðunarstaðinn hafa ekki verið unnin.

Undanþága er frá söfnun hauggass sbr. gr. 3.4 í starfsleyfi skv. bréfi frá Umhverfissráðuneyti frá 2012.

Varðandi skráningar á innra eftirliti skv. gr. 5.1 og skil á þeim sbr. gr. 5.4 í starfsleyfi, þá hefur magntölum verið skilað reglulega sem og niðurstöðum mælinga á sigvatni o.þ.h. en tölulíðum 2-6 í greininni hefur ekki verið skilað. Varðandi liði 9-13 er það skilningur að vísa megi til næstu veðurstöðvar.

Grænu bókhaldi var seinast skilað fyrir árið 2014.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

#### Gr. 2.1 í starfsleyfi og gr. 3.1 í starfsleyfi

Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi hverfi óprífnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangefna, ryki, ólykt eða hávaða.

Komið skal í veg fyrir fok úrgangsefna frá urðunarstaðnum.

Mikið magn fokefna var á urðunarsvæðinu.

#### Gr. 4.1 í starfsleyfi

Grófur úrgangur sem losaður var í urðunarrein var blandaður málm, timbri og plasti sem ber að flytja til endurvinnslu. Um er að ræða frávik sem einnig var

**Gr. 4.3 í starfsleyfi**

Skylt er að byrgja allan úrgang sem lagður er í urðunarreinar daglega með þekjuerni eða nótum. Þekja urðunarefna er ófullnægjandi og stuðlar að því að efni fjúki úr urðunarstálinu.

**Gr. 2.9 í starfsleyfi og gr. 4.1 í starfsleyfi**

Rekstaraðili skal stuðla að endurnotkun og –nýtingu úrgangs eins og kostur er. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi sem berst inn á urðunarsvæðið í slíka vinnslu ef kostur er. Úrgangi sem ekki samræmist móttökuskilyrðum staðarins skal hafnað..

**Gr. 5.1 og gr. 5.4 í starfsleyfi**

Skráningum á reglulegu eftirliti hefur ekki að fullu verið sinnt skv. gr. 5.1 í starfsleyfi og þeim því ekki verið skilað fyrir 1.5. ár hvert skv. grein 5.4 í starfsleyfinu.

**Gr. 5.5 í starfsleyfi**

Rekstaraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Grænu bókhaldi fyrir árin 2015 og 2016 hefur ekki verið skilað.

**Frávik frá fyrirmælum eftirlitsskýrslu**

í Urðunarstaðurinn er ekki ætlaður sem geymslusvæði fyrir hluti eða efni. Úrgangur sem berst þangað skal urðaður samdægurs eða honum vísað frá ef hann er ekki tækur til urðunar. Net, veiðarfæri og annan úrgang skal ekki geyma á urðunarsvæðinu til langs tíma. Athugasemd um sama efni var gerð í skýrslu árið 2016.

**ATHUGASEMDIR**

Viðhafa þarf reglubundið eftirlit með hreinsivirkjum til að tryggja að ekki komi endurtekið til stíflana á siturlögnum.

Vísað hefur verið til umhverfismarkmiða í aðalskipulagi sveitarfélagsins, en því beint til rekstaraðila að vinna sérstök umhverfismarkmið fyrir urðunarstaðinn skv. ákvæðum í gr. 2.3 í starfsleyfi.

**ANNAÐ**

Á fundinum kom fram að skipt verður um verktaka á urðunarsvæðinu á næstunni, en urðun verður áfram á hendi sama undirverktaka.

05.09.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



